

YFIRLÝSING

Með undirritun okkar lýsum við eigendur jarðanna Bjarkar I, Bjarkar II og Lyngdals því yfir að eiganda Lyngdals á hverjum tíma sé heimilt að leggja veg að Lyngdal í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt, dags. ? frá ?.

Þegar eigandi Lyngdals hefur lokið lagningu vegarins að fyrirhugaðri nýrri heimreið að bæjarhúsunum að Björk I verður þáverandi eiganda Bjarkar I skylt að tengja sig við nýja veginn að Lyngdal innan 12 mánaða enda leggst við það tímamark núverandi heimreið að Björk I af og þjónar eftirleiðis aðeins Björk II.

Eigandi Lyngdals skal við hönnun malarvegarins að Lyngdal gæta þess að vegurinn anní bæði umferð að Lyngdal og þyngri umferð að veltengingu að Björk I og er af þeim sökum því lýst sérstaklega hvar skuli tengja heimreiðina að Björk I við nýja veginn. Hönnun vegarins að Lyngdal skal taka mið af því að anna umferð vegna fyrirhugaðrar skógræktar og uppbyggingar henni tengdri í landi Lyngdals og vegurinn að veltengingunni að Björk I þurfi að auki að anna umferð vegna búsetu og landbúnaðarstarfsemi á jörðinni Björk I. Leita skal samþykkis Vegagerðarinnar fyrir vegamótum og veghönnun sem skal byggja á framangreindum lágmarksforsendum.

Eigandi Lyngdals ber einn allan kostnað af hönnun og lagningu vegarins að Lyngdal og á þar af leiðandi einn rétt til endurgreiðslna frá Vegagerðinni hvort sem endurgreitt yrði á grundvelli atvinnustarfsemi eða fastrar búsetu á jörðunum Björk I eða Lyngdal eða á öðrum forsendum. Eiganda Bjarkar I er heimilt án endurgjalds að tengja nýju heimreiðina að Björk I við nýja veginn en ber einn kostnaðinn við heimreiðina og á þar af leiðandi einn rétt til endurgreiðslna vegna hennar verði þær í boði á annað borð.

Að lögum eru allar framkvæmdir skipulagsskyldar og þegar eigandi Lyngdals fer í vegagerðina skal hann deiliskipuleggja veginn í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt og lofa eigendur Bjarkar I og Bjarkar II á hverjum tíma að leggjast ekki sem eigendur jarðanna gegn staðsetningu hans. Þar sem núverandi eigandi Bjarkar I er stjórnvaldið Grímsnes- og Grafningshreppur, sem fer með skipulagsvaldið og m.a bundið af stjórnsýslu- og skipulagslögum, getur hreppurinn ekki lofað fyrirfram að allar forsendur séu fyrir deiliskipulagi vegarins og kemur ekki endanlega í ljós fyrr en eftir lögbundna málsmeðferð við deiliskipulag vegarins.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöðum á eftirfarandi jörðum:

Björk I (L211337),

Björk II (L201555)

Lyngdalur (L168232)

Grímsnesi, _____ / _____ 2023

F.h, Grímsness og Grafningshrepps.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

_____, kt. _____ - _____

_____, kt _____ - _____

Björk II, _____ / _____ 2023

Björn Snorrason, kt. 271163-5929

Ingibjörg Harðardóttir, kt. 020371-4639

Reykjavík, _____ / _____ 2023

F.h. Gjögurtáar ehf, kt. 580522-0410,

Ingi Jóhann Guðmundsson

Vottur að rétttri undirritun, dagsetningu og fjárræði Björns, Ingibjargar og Inga er Jörundur Gauksson lögmaður, kt. 240166-4459.